

## Lagabreytingatillaga frá Ungmennáþingi 2020 um atkvæðagreiðslu á Skátáþingi

### 19. grein laga BÍS hljóðar svo:

Rétt til setu á Skátáþingi eiga:

#### A) Með atkvæðisrétt:

Fulltrúar skátafélaga með aðild A fara með 4 atkvæði, þar af skal eitt atkvæði bundið félagsforingja eða aðstoðarfélagsforingja í hans stað og æskilegt er að minnst eitt atkvæði sé í höndum einstaklings á aldrinum 16-25 ára.

Fulltrúar skátafélaga með aðild B fara með 1 atkvæði.

- Fulltrúar með atkvæðisrétt skulu vera starfandi skátar 16 ára og eldri.
- Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á Skátáþingi og eingöngu fyrir skátafélag sem hann er skráður félagi í.
- Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á Skátáþingi, nema um breytingu á lögum BÍS eða Grunnildum BÍS sé að ræða.

#### B) Með málfrelsi og tillögurétt:

- Stjórn, ráðsmenn og starfsfólk BÍS
- Endurskoðendur og skoðunarmenn BÍS
- Allir starfandi skátar með aðild að BÍS
- Stjórn BÍS er heimilt að bjóða gestum til Skátáþings

Skilyrði fyrir úthlutun atkvæða er að skátafélag hafi staðið skil á gögnum og greiðslum skv. 10. gr. þessara laga. Kjörbréfanefnd er heimilt að veita undanþágu frá þessu skilyrði sé dráttur á afhendingu tilkynnt tímanlega og henni fylgi skriflegur rökstuðningur. Kjörbréfanefnd skal meta hvað teljast gildar ástæður í þessu sambandi. Ef atkvæði skátafélaga með félagsaðild A fara undir 51% þá fellur niður atkvæðisréttur annarra félaga á því Skátáþingi og hafa því einungis skátafélög með félagsaðild A atkvæði á þinginu. Kjörbréf, er tilgreinir aðal- og varafulltrúa skátafélags, undirritað af félagsforingja eða stjórnarmanni skátafélagsins, skal afhenda við upphaf Skátáþings.

### Hér með er lagt til að greinin hljóði svo:

Rétt til setu á Skátáþingi eiga:

#### A) Með atkvæðisrétt:

Fulltrúar skátafélaga með aðild A fara með 4 atkvæði, þar af skal eitt atkvæði bundið félagsforingja eða aðstoðarfélagsforingja í hans stað og æskilegt er að minnst eitt atkvæði sé í höndum einstaklings á aldrinum 16-25 ára.

Fulltrúar skátafélaga með aðild B fara með 1 atkvæði.

- Fulltrúar með atkvæðisrétt skulu vera starfandi skátar 16 ára og eldri.
- Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á Skátaþingi og eingöngu fyrir skátafélag sem hann er skráður félagi í.
- Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á Skátaþingi, nema um breytingu á lögum BÍS eða Grunnildum BÍS sé að ræða.

• Til greiddra atkvæða teljast eingöngu þau atkvæði sem greidd eru með eða á móti málum á Skátaþingi.

B) Með málfrelsi og tillögurétt:

- Stjórn, ráðsmenn og starfsfólk BÍS
- Endurskoðendur og skoðunarmenn BÍS
- Allir starfandi skátar með aðild að BÍS
- Stjórn BÍS er heimilt að bjóða gestum til Skátaþings

Skilyrði fyrir úthlutun atkvæða er að skátafélag hafi staðið skil á gögnum og greiðslum skv. 10. gr. þessara laga. Kjörbréfanefnd er heimilt að veita undanþágu frá þessu skilyrði sé dráttur á afhendingu tilkynnt tímanlega og henni fylgi skriflegur rökstuðningur. Kjörbréfanefnd skal meta hvað teljast gildar ástæður í þessu sambandi. Ef atkvæði skátafélaga með félagsaðild A fara undir 51% þá fellur niður atkvæðisréttur annarra félaga á því Skátaþingi og hafa því einungis skátafélög með félagsaðild A atkvæði á þinginu. Kjörbréf, er tilgreinir aðal- og varafulltrúa skátafélags, undirritað af félagsforingja eða stjórnarmanni skátafélagsins, skal afhenda við upphaf Skátaþings.

### **Greinagerð:**

Ungmennaning skáta, sem haldið var 8. febrúar 2020, samþykkti að leggja fram sameiginlega lagabreytingatillögu um atkvæðagreiðslu á Skátaþingi.

Smávægileg breyting til að það sé skýrt hvaða atkvæði teljast með til greiddra atkvæða. Þetta er ætlað til þess að koma í veg fyrir að það að sitja hjá í atkvæðagreiðslu hafi áhrif á afgreiðslu mála.

Samþykkt á ungmennaningi 8. febrúar 2020

Rafnar Friðriksson